

Komið þið sæl kærur sveitungar

Ég heiti Anna Karen og er fædd og uppalin hér í sveitinni. Ég og maðurinn minn Gauti Möller búum á Klöpp ásamt dætrum okkar Alídu Millu Möller á sautjándra ári og Míu Möller á sjötta ári.

Ég er sjúkraliði og hef unnið víða sem slíkur m.a. á öldrunarheimilunum Skjaldarvík og Hlíð, Öldrunarlækningadeildinni Kristnesi, fæðingardeildinni á SAK og sambýli hjá Akureyrarbæ. Lengst af vann ég sem sjúkraliði í dagþjónustu eldri borgara í Víðilundi og deildarstjóri í félagsmiðstöðvum eldri borgara á Akureyri.

Árið 2015 ákvað ég að kanna nýjar slóðir og náði mér í diplómu í viðburðastjórnun við Háskólann á Hólum. Í haust er ég að hefja lokaárið mitt í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri. Með skólanum hef ég unnið á sumrin sem flokksstjóri í unglingavinnunni hér í sveitinni.

Síðustu fjögur ár hef ég setið í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps og hafa þessi ár verið lærdómsrík, krefjandi en ekki síst skemmtileg. Ég er einnig formaður félagsmálanefndar. Áhugi minn á sveitarfélaginu og fólkinu sem þar býr er ástæða þess að ég gef kost á mér í sveitarstjórn aftur. Ég vil að samfélagið okkar sé góður staður til að setjast að og stofna fjölskyldu en á sama tíma að þar sé gott að eldast.

Styrkleikar mínir liggja í reynslu minni af félagsmálum og áhuga mínum á að sveitarfélagið geti veitt íbúum á öllum aldri góða þjónustu. Raunverulegt jafnrétti er eitt af mínum hjartans málum, óháð aldri, kyni, uppruna, fjárhagsstöðu eða hverju sem er. Umhverfismál eru mér líka ofarlega í huga, við búum á einum fallegasta stað á landinu og það er mikilvægt að stjórn sveitarfélagsins ýti undir snyrtimennsku innan þess.

Ég hef tekið hlutverk mitt sem fulltrúi íbúa sveitarfélagsins alvarlega, hlustað á hvað sveitungar mínir hafa að segja og gert mitt besta til að standa vörð um hagsmuni ykkar. Mér hefur verið sagt að ég sé dugleg, jarðbundin og röggöm og fá stundum býsna góðar hugmyndir!

Ef ég fæ atkvæði ykkar getið þið verið viss um að þið fáið trausta manneskju í sveitarstjórn sem mun áfram vinna með heiðarleika og gegnsæi að leiðarljósi.

Dear community members

My name is Anna Karen Úlfarsdóttir and I am born and raised in Svalbarðsströnd. I and my husband live in Klöpp with our daughters Alída Milla Möller (16) and Mía Möller (5).

I am a practical nurse and have worked for years in health and family services, including work with disabled people and work at the maternity ward in Akureyri Hospital, but mostly in service to the elderly. A good part of my my work life has been spent as department head for the social centers for the elderly in Akureyri.

I have been in the local government for Svalbarðsströnd for the last 4 years and my interest in the local community and the people who live there is the reason I'm running as a candidate again.

My strengths are my experience in social affairs and my passion for a community that can offer good service to inhabitants of all ages. Real equality is a matter close to my heart, regardless of age, gender, origin or economic status.

If I get your vote you can be sure you will get a trustworthy person in the local government that will continue to work with honesty and transparency.

Ykkur er ávallt velkomið að hafa samband við mig, kær kveðja Anna Karen

S. 8678498, annakarenulfur@gmailcom

